

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
21. feb. 2014 10.5.5	
Tilv.	_____



Reykjavík, 21. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140200154/bs

Umsókn um nýtingarleyfi fyrir grunnvatn á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 14. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um nýtingarleyfi.


Áformuð nýting grunnvatns vegna Þeistareykjavirkjunar er fyrir kælikerfi virkjunarinnar, sem uppþotarvatn fyrir kælivatnshringrás, neysluvatn fyrir virkjunina og til borvatnsveitu.

Vatn verður tekið á 50 -100 m dýpi. Ekki er talið að vatnstaka og losun skiljuvatns muni hafa nein merkjanleg áhrif á þekktar lindir.

Þar sem talið er að hvorki vatnstaka né losun muni hafa merkjanleg áhrif á gæði grunnvatns gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða vatnstöku. Umhverfisstofnun bendir á að losun skiljuvatns við Þeistareykjavirkjun þarf að vera í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur